

Til fyrirtækja, sveitarfélaga, stofnana og einstaklinga á Vesturlandi.

08.03 2022

### **Efni: Þátttaka í stofnun sjálfseignarstofnunar um nýsköpunarnet Vesturlands.**

Á liðnum mánuðum hefur starfshópur unnið að undirbúningi að stofnun sjálfseignarstofnunar (**NýVest ses.**) sem ætlað er að hýsa Nýsköpunarnet á Vesturlandi. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi höfðu frumkvæði af því að ýta verkefnin úr vör og hefur undirbúningur verið fjármagnaður úr byggðaáætlun.

Nýsköpunarnetið er fyrir alla, fyrirtæki, stofnanir, sveitarfélög og einstaklinga. Því er ætlað að tengja saman ólíka hópa, miðla upplýsingum, aðstoða frumkvöðla og fræða þá sem hafa áhuga á þróun atvinnulífs og nýjum verkefnum. Á Vesturlandi eru öflug fyrirtæki, öflugir skólar og drífandi einstaklingar, sem mikilvægt er að tengja mun betur saman en áður í því skyni að nýta sem best þau tækifæri sem til staðar eru í þróun atvinnulífs og nýsköpun.

Stjórnvöld og sveitarfélög beina nú sjónum sínum í auknum mæli að nýsköpun og stuðningi við frumkvöðla. Því er mikilvægt að á Vesturlandi sé til staðar vettvangur og breið samstaða allra þeirra sem stutt geta við jákvæða þróun atvinnumála og þar með sterkari búsetuskilyrði. Skilgreina má hugtakið „nýsköpun“ með ýmsum hætti – en rétt er að hafa í huga að nýsköpun þarf ekki að vera fjarlæg „geimvísindi“. Við horfum til þess að sérhver hugmynd til þróunar, nýbreytni, markaðssetningar eða starfsemi innan skapandi greina geta átt erindi við NýVest.

Tilgangur NýVest er:

- Tenging hagsmunaaðila
- Aðstoð við styrkumsóknir
- Styrkjabrunnur – upplýsingar um styrki
- Tengiliður mismunandi aðila; atvinnulífs, skóla og rannsókna
- Faglegur stuðningur

Við munum stofna NýVest formlega þann 6 apríl n.k. og allir sem áhuga hafa á því að gerast stofnaðilar eru boðnir velkomnir. Stofnframlag er eftirfarandi:

Einstaklingar kr. 10.000

Fyrirtæki og stofnanir kr. 30.000

Nú þegar hafa verið stofnuð þróunarsetur og Fab Lab smiðjur á Vesturlandi og fleiri í undirbúningi. Með þátttöku í NýVest ses. leggur hver og einn sitt af mörkum við að efla atvinnulíf á Vesturlandi og skapa enn betri skilyrði til búsetu. Við hvetjum alla að taka þátt – því jákvæð þróun byggist á samstöðu og krafti þeirra sem láta sig málin varða.

Þátttöku geta áhugasamir tilkynnt á netfangið [ssv@ssv.is](mailto:ssv@ssv.is) fyrir 23. mars n.k

Starfshópur um stofnun Nýsköpunarnets. (Nývest ses).